

Nd.

704. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirlit um frumvarpið og borið niðurstöðutölur saman við ríkisreikninginn, enn fremur rannsakað athugasemdir endurskoðenda og rætt þær á nokkrum fundum. Aðeins einni athugasemd er vísað til aðgerða Alþingis, 24. athugasemdinni, um reikningshald útgáfu skólabóka. Sér nefndin eigi sérstaka ástæðu til aðgerða um þau atriði, er þar greinir, en nokkrir nefndarmanna telja þó ástæðu til að athuga nánar fyrirkomulag þessarar útgáfustarfsemi og sniða af henni ýmsa vankanta, sem þeir telja vera á henni. Eru það mest framkvæmdaratriði, sem hægt er að lagfæra án löggjafar. Þá telja sumir nefndarmanna rétt að breyta lögunum einnig, en þar sem svo er liðið á þingtimann, verður það eigi fært að þessu sinni.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. júní 1941.

Sveinbjörn Högnason,
form., frsm.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Skúli Guðmundsson.

Stefán Stefánsson.

Haraldur Guðmundsson.